


DALALÆÐAN.



Með þessum pési er hafin útgáfa á blaði sem ætlað er íbúum Mosfellsdals og öðrum þeim sem eru í félagi Dalbúa.

Eins og flestir vita var stofnfundur félagsins haldinn þann 15. nóvember 1986 og mættu þar 40-50 manns.

Kosin var stjórn á fundinum og skipa hana þau Guðrún Karlsdóttir, Fróði Jóhannsson og Bjarki Bjarnason.

Stjórnarfundur var síðan haldinn þann 27. nóvember og skiptu menn með sér verkum þannig að Bjarki er formaður, Fróði ritari og Guðrún gjaldkeri.

Stjórnin hefur ákveðið að gefa fjórum kost á því að gerast stofnfélagar í á porrablótinu sívinsæla og geta þeir sem hafa áhuga á því að gerast félagar skráð nöfn sín í bók sem verður á staðnum.

Á stofnfundinum í haust var talað um það að gefa félaginu nafn á porrablótinu núna í vetur. Stjórn félagsins

Útgefandi: Félag Dalbúa.

Ábyrgðarmatur: Bjarki Bjarnason.

1. tölublað. 1. árgangur — janúar 1987.

meira!
meira!

hefur engar sérstakar tillögur um nafn á félaginu og er eðlilegast að endanleg nafngift bíði aðalfundarins sem væntanlega verður næsta haust og þá verða sjálfsagt lagðar fram tillögur að lögum fyrir félagið.

Örnefnasöfnun. Mikill áhugi virðist vera á meðal félagsmanna að safna örnefnum úr Mosfellsdal og grennd. Allmikið er til af örnefnum úr Dalnum og eru þau á skrá í Örnefnastofnun þar sem þau eru flokkuð niður eftir gömlu jarðaskiptingunni.

Félagið hyggst nú kaupa stóra loftmynd af Mosfellsdal og þá verður hægt að hefjast handa og skrá inn á myndina þau örnefni sem þegar eru kunn og vonandi verður hægt að bæta við einhverjum örnefnum sem eru í þann veginn að týnast.

Þeir sem hafa áhuga á því að taka þátt í þessari söfnun og skráningu svo og þeir sem telja sig lúra á einhverjum mikilvægum upplýsingum eru hvattir til að hafa samband við stjórn félagsins.

Jólaball og annar mannfagnaður. Félagið gekkst fyrir jólaballi sem haldið var á milli jóla og nýárs. Í undirbúningsnefndinni voru Birgir Sigurðsson, Guðrun Jóhannsdóttir og Sigríður

Halldórsdóttir. Ballið var haldið í Reykjadal, var fjölsótt og vel heppnað. Vonandi verður hægt að gera þetta ball að árlegum viðburði. Þá hyggst félagið halda spilakvöld núna seinna í vetur og gott fólk: ER EKKI STEMNING FYRIR ÞVI AD HALDA UTIHÁTIÐ Í GÓÐA VEDRINU Í SUMAR????



← Allir sem vettlingi
gátu valdið komu
á jólaballit!

Nótt.

Lag: Árni Thorsteinsson.
Ljót: Magnús Gíslason
frá Helgadal.

Nú ríkir kyrrð í djúpum dal,
þótt duni foss í gljúfrasal.
Í hreiðrum fuglar hvíla rótt,
þeir hafa boðið góða nótt.

Nú saman leggja blómin blöð,
er breiddu faðm mót sólu glöð,
í brekkum fjalla hvíla hljótt,
þau hafa boðið góða nótt.

Nú hverfur sól við segulskaut
og signir geisli hröð og laut,
en aftanskinið hverfur hljótt,
það hefur boðið góða nótt.

Höfundur þessa fallaga ljóðs hét Magnús Gíslason og fæddist í Helgadal þ.29.mai 1881. Þar ólst hann upp til 18 ára aldurs en flutti þá austur í Grafning. Magnús fékkst við ýmis störf á lífsleiðinni m.a. málaraiðn og rafmagnsiðnað. Hann byrjaði að nema ljósmyndun hjá Árna Thorsteinssyni tónskáldi og þannig atvikaðist það að Magnús fór að sýna Árna ljóð sem hann átti í handraðanum. Þar á meðal var kvæðið Nótt sem Magnús hafði ort um bernskustöðvar sínar í Mosfellsdal. Árni tók kvæðið heim með sér og skömmu síðar kom hann að máli við Magnús og sagði: "Ég held að við höfum samið ágætisverk í sameiningu." Þar var þá komið þetta gullfallega lag sem oftast gengur undir nafninu Nú ríkir kyrrð. Geta Dalbúar eignast fallegri "þjóðsöng"?



DALALÆÐAN.

Þessu fyrsta tölublaði Dalalæðunnar verður
lætt inn á hvert heimili í Mosfellsdal.
Ekki hefur verið ákveðið hve oft blaðið
komur út — það ræðst af viðbrögðum lesanda.
Þess vegna eru þeir sem hafa hugmyndir um
efni beðnir að hafa samband við stjórnarmenn.
Gaman væri ef hægt verður að koma útgáfunni
á fastan grundvöll og það er pottþétt að það
er til nóg efni í svona blað ef menn róta
svolítið í heilabúinu sínu!

ÞORRABLÓT!



DALBÚAR FJÖLMENNA Á ÞORRABLÓTIÐ
— GLADBEITTIR Á SVIP. //